



Epsilondeild DKG . Fundur haldinn í Grunnskólanum í
Hveragerði miðvikudaginn 14. sept 2022 kl 18.

1 Guðríður Egilsdóttir, formaður, bauð systur velkomnar og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpssemi.

2.Nafnakall eftir lista . Þær sem hafa boðað forföll voru Ásgerður, Rósa Marta og Elínborg en Guðlaug og Gunnvör koma ekki á fundinn en munu mæta í matinn. Nokkrar systur létu ekki heyra í sér en 17 voru mættar.

3.Guðrún Sigríks, ritari las upp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt. Eydís Katla gaf upp stöðu reiknings en hann stendur í 171.915 kr.

4. Guðríður fór yfir markmið samtakanna. Það er aldrei of oft minnt á þau enda verða þau tíunduð hér.

1 Að efla tengsl kvenna sem vinna að menntamálum víðs vegar í heiminum.

2.Að heiðra konur sem standa eða hafa staðið framarlega á einhverju sviði menntamála eða eru að vinna markverð störf í þágu þeirra.

3 Að efla starfsáhuga og stöðu kvenna í fræðslustörfum.

4. Að stuðla að æskilegri lagasetningu og styðja hvers konar viðleitni til umbóta fyrir menntamál almennt og fyrir konur í fræðslustörfum.

5.Að veita konum, sem skara fram úr í menntamálum, styrki til framhaldsnáms í háskóla og styrkja konur utan samtakanna.

6. Að efla persónulegan og faglegan þroska félagskvenna og hvetja þær til virkni.

7. Að fræða félaga um það sem efst er á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnámum og menntamálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna.

Guðríður sagði systur frá því sem stjórnin ákvað á síðasta stjórnarfundum um áherslu okkar næstu tvö árin en það er að láta muna um okkur í nærumhverfinu og gera okkur sýnilegri út á við með einhverjum hætti sem fram kemur í markmiðum samtakanna. Brýndi formaður systur með orðunum: Við höfum allrar mikla þekkingu á hinum ýmsu málum og getum látið muna um okkur.

5. Orð til umhugsunar. Þennan lið var Rósa Marta með á sinni könnu en hún komst ekki á fundinn svo hún hringdi í Margréti Pálínu og bað hana um að bjarga sér. Margrét var þá stödd í strætó í Kömbunum, á leið á fundinn. Rósa Marta var búin að ákveða að tala um vináttuna og vitna í Hávamál. Maddý sagðist ekki kunna Hávamál svona utan að en Rósa sagði að væri allt í lagi því stelpurnar kynnu þau. Maddý tóka þetta að sér og fórst það einkar

vel úr hendi þrátt fyrir stuttan undirbúningstíma. Hún sagði frá því sem hún upplifði í sjoppunni þar sem hún hitti fyrir mjög hjálplegan og vinsamlegan ungan pilt. Maddý átti nokkra málhætti um vináttuna í kolli sínum. Minntist á Pálínu Snorradóttur vinkonu sína en nú benti Maddý á að ganga í deildina okkar. Síðan stakk Maddý upp á að við syngdum Hvað er svo glatt með gamla laginu sem við og gerðum.

6. Fréttir af starfi. Sigríður Guðnadóttir ætlar að halda áfram að sjá um heimasíðuna okkar. Guðríður sagði síðan frá því að Guðrún Ebba Bengtsdóttir forseti landssambandsstjórnar DKG hefði beðið okkur um að hafa umsjón með næsta landssambandsþingi. Stjórnin ákvað að verða við þessari beiðni og Guðríður er búin að semja við Hótel Örk um sjá um gistingu, mat og sal fyrir þingið Guðríður óskaði eftir að fá eina systur með sér til skrafs og ráðagerða og bauð Erna sig fram. Næsta laugardag verður formannafundur ssem Guðríður fer á. Áhugi er fyrir að fjölga konum í deildinni okkar og var farið yfir reglur þær sem gilda um þann gjörning.

7. Erindi. Margrét Guðmundsdóttir fjallaði um meistararitgerð sína en hún fékk einmitt námsstyrk frá DKG. Ritgerðin heitir Málfærni yngri barna í grunnskóla. Talmeinfræði. Mikil þörf er á nýjum greiningarprófum fyrir börn í grunnskóla en þau próf sem eru notuð í dag eru þýdd úr erlendum málum, aðallega frá Bandaríkjunum. Rannsókn sem Margrét gerði er fyrsta skref í þróun alhliða málþroskaprófs ætlað íslenskum börnum. Markmið hennar er að finna þá málþætti sem henta helst til greiningar á málþroska á þessum aldri út frá erlendum málþroskaprófum.

8. Önnur mál. Sigríður Guttormsdóttir sagði frá því Ingibjörg Einarsóttir hefði hringt til að minna á þing um Stóru upplestrarkeppnina sem verður haldið 26. okt 2022. Raddir hættu í fyrra að sjá um keppnina en voru ráðin í eitt ár til að styðja við sveitarfélögin.

9. happdrætti. Happdrættið góða fékk sinn sess. Erna hlaut vinninginn að þessu sinni, fallega Eriku í potti.

Fleira ekki gjört og fundi slitið. Ritari: Guðrún Sigríks.

Systur fóru galvaskar á Matkránna og áttu saman góða stund og gerðu góðum mat góð skil.